

Húnaþing vestra
Sveitarstjóri
Hvammstangabraut 5
Hvammstangi

Reykjavík 29. janúar 2018
UST201801-023/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag - Húnaþing vestra 2014 - 2026

Vísað er til erindis sveitastjóra Húnaþings vestra er barst 2. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breyttri legu Vatnsnesvegar um Tjarnará og nýtt brúarstæði yfir Tjarnará, ásamt nýjum efnistökusvæðum.

Skipulagssvæðið


Í lýsingu kemur fram að áætlaðar eru breytingar á Vatnsnesvegi og munu þær fara fram í landi Tjarnar og Gnýstaða á Vatnsnesi, Húnaþingi vestra.

Ofangreind lýsing tillögu að breytingu felur í sér að veglína er breytt á um 700 m kafla við bæinn Tjörn á Vatnsnesi, en í heild er vegaframkvæmdin sem er 1,8 km einnig áætluð í núverandi vegstæði. Vegagerðin felur í sér nýtt brúarstæði yfir Tjarnará þar sem tekin er af hættuleg beygja yfir ána.

Efnistökusvæði

Í lýsingu kemur fram að ofangreind breyting fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem um er að ræða efnistöku er nær yfir stærra svæði en 25.000 m² sem fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda nr. 106/2000. Í lýsingu kemur ekki fram hvar ný efnistökusvæði eru áætluð né áætlað magn efnistöku.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Rake S Kristjánsdóttir
Sérfræðingur